

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgefandi: Árvakur hf., Reykjavík.

Forstjóri: Einar Sigurðsson.

Ritstjóri: Styrmir Gunnarsson.

Fréttarritstjóri: Aðstoðarritstjóri:

Björn Vignir Sigurpálsson. Karl Blöndal.

ÁGREININGUR UM LYFJAGAGNAGRUNN

Í Morgunblaðinu í gær var athyglisverð frétt um ágreining um lyfjagagnagrunn. Persónuvernd hefur lagzt gegn því, að vörzlutími gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis verði framlengdur úr þremur árum í þrjátíu ár. Röksemd Persónuverndar er sú, að þriggja ára reglan hafi verið tekin upp eftir þarfagreiningu fyrir fimm árum, sem hafi leitt í ljós, að ekki sé þörf á að varðveita persónugreinanleg gögn nema tvö ár aftur í tímann.

Við fyrstu sýn virðist röksemdafærsla Persónuverndar eðlileg en við nánari athugun má spyrja spurninga.

Í athugasemdum Landlækniseftættis segir m.a.:

„Ljóst er að tími þessi er alltof stuttur ef á að vera hægt að nota þau mikilvægu gögn, sem hægt er að afla hér á landi, til að veita og meta síðkomnar aukaverkanir, sem fram koma eftir markaðssetningu lyfjanna, og önnur frávík frá því, sem búast mátti við í upphafi.“

Það er ástæða til að staldra við þessa röksemd landlæknis. Á síðustu áratugum hefur komið fram mikill fjöldi nýrra lyfja á mörgum sviðum en m.a. lyf, sem notuð eru gegn geðveiki. Þessi lyf hafa gengið í gegnum nokkurra ára prófun áður en leyft er að selja þau. Í sumum tilvikum er búið að nota þessi lyf kannski í 40-50 ár. Og þá vakna alvarlegar spurningar um hvaða áhrif svo langvarandi notk-

un þessara lyfja hefur á þá, sem nota þau, og hvers konar aukaverkanir koma fram smátt og smátt.

Það er augljóst að varðveizla gagna um notkun slíkra lyfja og margra annarra getur auðveldað vísindamönnum að rannsaka langtímaáhrif þeirra.

Pótt geðlyfin hafi verið nefnd hér má nefna önnur dæmi um lyfjagjöf vegna alvarlegra sjúkdóma. Telja má víst, að þeir sjúklingar eru margir, sem vilja að lyfjasaga þeirra verði notuð til þess að auðvelda lækningu þeirra, sem koma í kjölfarið. Og þá hjálpar mikið til ef hægt er að skoða lyfjasögu þeirra, sem á undan hafa gengið, stundum með árangri og stundum með engum árangri.

Telja má víst, að langflestir þeirra, sem hafa átt við langvinn veikindi að stríða, kannski marga áratugi, svo og þeir, sem hafa átt við mjög alvarleg veikindi að stríða og staðið í baráttu, sem stundum hefur unnizt en í of mörgum tilvikum tapast, vilji og mundu vilja, að baráttu þeirra komi öðrum að gagni, m.a. lyfjasaga þeirra.

Þegar horft er á ágreininginn um lyfjagagnagrunninn frá þessu sjónarmiði er nokkuð ljóst, að meiri hagsmunir eru fólgnir í því að varðveita þessar upplýsingar í áratugi en að þeim sé eytt. Í þessu tilviki verða sjónarmið Persónuverndar augljóslega að víkja.

SVEIGJANLEG HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Samningur heilbrigðisráðherra og Heilsuverndarstöðvarinnar um sex mánaða tilraunaverkefni um rekstur hvíldarýma til skamms tíma fyrir aldraða skjólstaðinga heima hjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu og 30 dagvistarrými er gott framtak. Góð heilbrigðisþjónusta á að vera sveigjanleg þannig að hún henti hverjum og einum. Eins og segir í Morgunblaðinu í gær verður lögð sérstök áhersla á endurhæfingu til að koma til móts við óskir aldraðra um að búa heima hjá sér eins lengi og kostur er.

Samkomulagið undirrituðu María Ólafsdóttir, yfirlæknir Heilsuverndarstöðvarinnar, og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. María benti á að þörfin væri mikil fyrir þessa þjónustu og nú hefði öflugt fagfólk verið fengið til þess að taka þátt í verkefni, sem ætlað væri að efla einstaklinginn.

Guðlaugur Þór kvaðst líta svo á að þetta væri eitt af skrefunum í langri vegferð. „Þetta er liður í að koma með fjölbreytt og ný úrræði sem öll miða að því að fólk geti verið sem lengst heima hjá sér og það þýðir m.a. að við þurfum að hjálpa aðstandendum sem þurfa oft og tíðum mikið að sinna sínum nánustu,“ sagði hann.

Það hefur lengið verið vandamál hvernig eigi að sinna einstaklingum, sem þurfa takmarkaða aðhlynningu. Iðulega er um að ræða fólk, sem nýtur mikils stuðnings aðstandenda. Í nú-

tímasamfélagi kemur áreiðið hins vegar úr öllum áttum og vinnuálag getur verið mikið. Því getur verið nauðsynlegt fyrir aðstandendur að fyrir hendi sé þjónusta á borð við þá, sem tilraunaverkefnið snýst um. Hún getur létt lífið bæði þeim, sem nota þjónustuna, og aðstandendum þeirra.

Ljóst er að heilbrigðisþjónusta mun á næstunni færast meira í þann farveg að einstaklingar verði sem mest heima hjá sér. Líklegur er að einstaklingi líði betur heima hjá sér en á heilbrigðisstofnun. Að sama skapi má leiða getum að því að einstaklingur, sem líður vel og er á heimavelli, eigi auðveldara með að ná sér. Það er hárrétt stefna að leggja áherslu á endurhæfingu og auðvelda einstaklingnum að takast á við daglegt líf á eigin heimili sem lengst, jafnvel þótt aðstæður hafi að einhverju leyti breyst í lífi hans. En hann þarf líka að fá þá þjónustu, sem þarf til að geta verið heima.

Um leið dregur úr álagi á heilbrigðiskerfið og það á auðveldara með að bregðast við bráðatilfellum, sinna þeim, sem þurfa á aðstoð að halda og útrýma biðlistum. Hér er á ferð tilraunaverkefni til sex mánaða. Búast má við að koma muni í ljós að þörfin er veruleg og ekki bara fullt tilefni til að halda verkefni áfram heldur bæta í, enda gefur heilbrigðisráðherra það til kynna þegar hann segir að þetta sé eitt skref á langri vegferð.

■ Sjó verðlaunatillögur í hugmyndasamkeppni um fram-

Lágreist bygg

Sýn þriggja Skota á skipulag í Vatnsmýri þykir raunhæf og „Íslensk“. Öfundur Páll Ragnarsson fylgdist með verðlaunaafhendingu í Listasafni Reykjavíkur.

Niðurstöður hugmyndasamkeppni um skipulag Vatnsmýrarinnar voru kynntar í Listasafni Reykjavíkur í gær. Keppnin hefur staðið síðan í mars á síðasta ári, enda mikil vinna fólgin í skipulagi fyrir svo stórt svæði. Keppendur höfðu aðgang að gögnum um skipulagsforsendur og skýrslum um samráð við borgarbúa og hagsmunaaðila um möguleika sem Vatnsmýrin býður uppá. Í forsendunum var ekki tekin afstaða til þess hvort flugvöllurinn skyldi verða áfram á svæðinu, heldur kallað eftir hugmyndum um þróunarmöguleika til framtíðar.

Veittar voru viðurkenningar til sjö útvalinna hópa arkitekta og verkfræðinga. Alls bárust keppninni 136 tillögur frá öllum heims hornum. Þar af voru reyndar aðeins fimm íslenskar, en að sögn voru þær allar mjög vel unnar. Sjö tillögur voru verðlaunaðar sérstaklega. Fjórar fengu 15.000 evra verðlaunafé, tvær 40.000 evrur og ein 60.000 evrur eða tæplega 5,9 milljónir króna.

Skosk verðlaunatillaga

Það voru þeir Graeme Massie, Stuart Dickson og Alan Keane frá Edinburgh í Skotlandi sem urðu hlutskarpastir með verkefnið „Gagnkvæmni: Móttun höfuðborgar.“ Massie þessi stofnaði arkitektastofu sína árið 2004 og ætti ekki að vera Íslendingum alls kostar ókunnugur. Hann vann einnig hugmyndasamkeppnina „Akureyri í öndvegi“ árið 2005, um breytt miðbæjarskipulag þar nyrðra.

Meginhugmyndin er að flugvöllurinn víki, við taki þétt en lágreist byggð í austanverðri Vatnsmýri og Hljómskálagarðurinn teygji sig öróf inn til suðurs langleiðina að Fossvogi. Hringbraut verði sett í stökk undir garðinn. Gert er ráð fyrir nýrri og stærri Reykjavíkurtjörn, svipaðri þeirri upprunalegu að formi, með brú yfir sig miða, ekki ólíkt brúnni á Skoðhúsvegi. Tjörnin verður samkvæmt tillögnum umkringd fjölda nýrra bygginga og myndar miðpunkt svæðisins.

Barónsstígur og Snorrabraut verða framlengdar frá Þingholtum að Fossvogi og á ræmunni milli þeirra verða helstu íbúðasvæði, ásamt skrifstofuhúsnæði, þyrpingum opinberra bygginga og skólahúsnæði. Skáhöll lína, framlanging á Sóleyjargötu, sker þessa ræmu og tengir hana þannig beint við miðbæinn. Með línunni væri form norður-suðurflugbrautarinnar einnig varðveitt, þó flugvöllurinn væri horfinn. Stefna hinna flugbrautanna væri einnig varðveitt í gatnakerfinu og helstu byggingar frá stríðsárunum og í tengslum við flugvöllinn endurgerðar og varðveittar. Til að mynda er þar rætt um hinn upprunalega flugturn. Hann muni standa inni í garði og fá nýtt hlutverk, t.d. sem kaffihús.

Einnig er gert ráð fyrir íbúðasvæðum utan í Óskjuhlíð og norðan Skerjafjarðar og stækkuðu yfirráðasvæði Háskóla Íslands sem nær að hinn nýja tjörn.

Blönduð dómnefnd

Dómnefnd var skipuð bæði borgarfulltrúum og fagmönnum á sviði



Verðlaunahafarnir Stuart Dickson og Graeme Massie frá Skotlandi. Þeir höfðu tekið þátt í sköpun verðlaunatillögurinnar um skipulag Vatnsmýrarinnar. Þeir höfðu tekið þátt í sköpun verðlaunatillögurinnar um skipulag Vatnsmýrarinnar.

» Með línunni væri form norður-suðurflugbrautarinnar einnig varðveitt, þó flugvöllurinn væri horfinn. Stefna hinna flugbrautanna væri einnig varðveitt í gatnakerfinu og helstu byggingar frá stríðsárunum og í tengslum við flugvöllinn endurgerðar og varðveittar. Til að mynda er þar rætt um hinn upprunalega flugturn. Hann muni standa inni í garði og fá nýtt hlutverk, t.d. sem kaffihús.

skipulags og uppbyggingar. Í nefndinni sátu þau Dagur B. Eggertsson, formaður, Hanna Birna Kristjánsdóttir, sem nú er einnig formaður skipulagsráðs, Gísli Marteinn Baldursson, Joan Busquets, prófessor í borgarskipulagi við Harvard háskóla, Steve Christer, arkitekt í Reykjavík, Kees Kaan, arkitekt í Rotterdam og Hildebrandt Machleidt, arkitekt í Berlín.

Í umsögn þeirra um tillögu Massies sagði að hún hefði burði til að vera útgangspunktur framtíðarþróunar í Vatnsmýri. Að auki mætti hún mjög vel þeirri ósk dómnefndar að hægt væri að áfangaskipta uppbyggingu á svæðinu.

Helst var það gagnrýnt í umsögn dómnefndar að borgarmyndin væri dregin grófum línum á eystra íbúðasvæðinu og við ströndina, auk þess sem umferðarvandi væri ekki að fullu leystur.

Starfshópur um skipulagið

Deji B. Eggertssyni varð í ræðu sinni tíðrætt um það einstaka tækifæri til að skipuleggja land í nágrenni miðbæjar í höfuðborg, sem í Vatnsmýrinni væri falíð. „Við þurfum að skilja tækifærin í Vatnsmýrinni. Ákvörðun um hana gæti ráðið úrslitum um þróun Reykjavíkur.“

»102 Rvk« Nálægð við Ö